

Fyrsta skemmtiferðaskipið komið



Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins hjá Grundarfjarðarhöfn kom til hafnar mánudaginn 5. maí. Veðrið var ekki upp á marga fiska fyrri part dags svo það lagðist ekki að bryggju fyrr en í hádeginu. Skipið heitir Amera, er frá Þýskalandi og rýmir um 500 farþega. Skipið er 204 metrar að lengd og 30 metrar á breidd. Skipið lafði aftur frá höfninni um kvöldmatarleytið og heldur nú áleiðis til Grænlands. Skipið byrjaði ferða-

lagið í Þýskalandi og hefur ferðast til Færeyja og Íslands en farþegar þess eiga eftir að heimsækja Grænland, Kanada, Bandaríkin, Portúgal og Spán áður en þau halda aftur til heimahafnar í Þýskalandi eftir 50 daga siglingu. Í maí eru níu skipakomur bókaðar í Grundarfjarðarhöfn og í sum- ar eru hátt í 80 komur skemmtiferðaskipa bókaðar í höfnina.

SJ

Jafntefli í fyrsta leik deildarinnar

Víkingar heimsóttu Víðir í Garðinn síðastliðinn laugar- dag, 4. maí. Þetta var fyrsti leik- ur liðanna á Íslandsmóti KSÍ í 2. deild karla. Víðir setti bolt- ann í mark gestanna strax á 14. mínútu og voru þá komnir 1-0 yfir. Gabríel Þór Þórðarson nældi sér í gult spjald á 18. mín- útu og Ellert Gauti Heiðarsson sömuleiðis á 37. mínútu. Luis Al- berto Díez Ocerin fékk svo þriðja gula spjald leiksins á 82. mínútu. 90 mínútur venjulegs leiktíma

voru liðnar og á fyrstu mínútu í framlengingu kom Ingólfur Sig- urðsson boltanum í mark and- stæðinganna og jafnaði leikinn. Eftir fyrstu umferð deildarinnar sitja tvö lið á botninum með ekk- ert stig, tvö lið tróna á toppnum með 3 stig og hin 8 liðin deila miðjunni með 1 stig. Næsta um- ferð verður því æsispennandi en Víkingar taka á móti KFG á Ólafs- víkurvelli þann 10. maí.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Fulltrúar Snæfellsbæjar í upplestrarkeppni

Upplestrarkeppni 7. bekkjar í Grunnskóla Snæfellsbæjar fór fram á starfsstöð skólans í Ólafsvík þriðjudaginn 29. apríl. Upplestrarkeppnin er uppskeruhátíð 7. bekkjar eftir miklar lestraræfingar yfir veturinn og sömuleiðis forkeppni fyrir Stóru Upplestrarkeppnina sem er haldin fyrir 7. bekkina í grunnskólum á Snæfellsnesi. Nemendur lásu úr sögunni Víti í Vestmannaeyjum eftir Gunnar Helgason og ljóð af eigin vali. Dómnefndina í ár skipuðu Ari Bjarnason, Guðríður Þórðardóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir. 28 nemendur tóku þátt í upp-

lestrarkeppninni, öll stóðu þau sig með mikilli þrýði og átti dómnefndin erfitt val fyrir höndum. Það voru þau Lena Imgront, Oliver Mar Jóhannsson og Vigdís Júlía Viðarsdóttir sem stóðu uppi sem sigurvegarar og Gunnar Bent Arason var valinn sem varamaður í Stóru upplestrarkeppnina. Keppnin verður haldin á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi þann 8. maí og munu nemendurnir þá etja kappi við þrjá efstu nemendurna úr Grunnskólanum í Stykkishólmi og Grunnskóla Grundarfjarðar í upplestri.

SJ



Blásið í ærslabelgi



Samkvæmt almanaki gekk sumarið formlega í garð fimmtudaginn 24. apríl síðastliðinn og byrjað er að vora. Sólin hækkar, grasið grænkar og tölurnar á hitamælinum hækka rólega með hverjum deginum. Að þessu tilefni voru ærslabelgirnin í Snæfellsbæ keyrðir í gang miðvikudaginn 23. apríl. Vakti það mikla kátínu yngri kynslóðarinnar og hefur verið líf og fjör á ærslabelgjunum síðan þá.

Það hefur þó borið á því að börn gangi illa um á og við belgina. Matarleifar á við og dreif

og í Ólafsvík höfðu einhverjir fært ruslatunnuna sem staðsett er á svæðinu upp á belginn og hoppað með hana. Við ærslabelgina eru skýrar reglur um framkomu og umgengni á svæðinu og biðlar Snæfellsbær til foreldra að fara yfir reglurnar með börnum sínum.

Börn og starfsfólk á leikskólanum Krílaból gerði sér glaðan dag í síðustu viku með ferð á ærslabelginn. Var þar farið gaumgæfulega yfir reglurnar áður en byrjað var að hoppa eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

SJ



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Vegleg gjöf til Kríubóls



Í síðustu viku komu félagar úr Lionsklúbbi Nesþinga og færðu okkur í leikskólanum Kríuból veglega gjöf. Þeir færðu leikskólanum tvö ljósaborð, skemmtilega aukahluti sem nýtast með ljósaborðunum og stóra smellikubba. Gjafirnar hafa strax vakið mikla

lukku allra barnanna og koma til með nýttast okkur í leikskólastarfinu á fjölbreyttan hátt til náms og leikja.

Börn og starfsfólk Kríubóls þakkar Lionsklúbbi Nesþinga kærlega fyrir þessa flottu gjöf.



Bláðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Bláðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Sumarafleysingar

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga óskar eftir að ráða í sumarafleysingar í þjónustuíbúðakjarna fyrir fatlaða í Ólafsvík.

Meginverkefni þjónustunnar er stuðningur- og hæfing íbúa til sjálfstæðrar búsetu og aukinnar virkni í daglegu lífi, menningu og félagslífi. Virða ber sjálfræði íbúa og hafa velferð þeirra að leiðarljósi í allri þjónustu. Störf starfsmanna í búsetu geta verið talsvert mismunandi vegna ólíkra þarfa íbúa.

Um er að ræða vaktavinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi, þekking á málaflokknum og á sviði félagaslegrar þjónustu er kostur
- Stundvísi, hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót, samkennd og samstarfshæfni
- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri
- Íslenskukunnátta skilyrði

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2025.

Laun skamkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg Jóhannesdóttir, forstöðumaður þjónustuíbúðarkjarnans í síma 430-7812 eða netfanginu sigurbjorg@fssf.is.



Baráttudagur verkalýðsins haldinn hátíðlegur

Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins var haldinn hátíðlegur fimmtudaginn 1. maí. Verkalýðsfélagin Sameyki, Verkalýðsfélag Snæfellinga og Kjölur héldu viðburði á Snæfellsnesi í sameiningu líkt og undanfarin ár og buðu félagsmönnum og öðrum íbúum til samkomu í Stykkishólmi, Grundarfirði og Snæfellsbæ. Í Grundarfirði fór dagskráin fram í Samkomuhúsi Grundarfjarðar þar sem Sævör Þorvarðardóttir, fulltrúi Sameykis stéttarfélags var kynnrir og Valmundur Valmundsson, formaður SSÍ var ræðumaður. Þá fluttu nemendur úr Tónlistarskóla Grundarfjarðar tónlistaratriði og Lalli töframaður mætti á svæðið með skemmtiatriði. Að hátíðarhöldum loknum sá Kvenfélagið Gleym mér ei um kaffiveitingar fyrir gesti. Í Snæfellsbæ fóru hátíðarhöldin fram í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Þar var Vignir Smári Maríasson, formaður Verkalýðsfélags Snæfellinga kynnrir, Valmundur var þar ræðumaður líkt og í Grundarfirði og Lalli töframaður sýndi listir sínar. Þá var tónlistaratriði frá Tónlistar-



skóla Snæfellsbæjar og Félag eldri borgara í Snæfellsbæ sá til þess að allir færu saddir og sælir heim. Við sköpum verðmætin var yfirskrift 1. maí í ár og kom fjöldi fólks saman í öllum þéttbýliskjörnum á Snæfellsnesi til að heiðra verkalýðinn.

SJ





Pakkhúsið til leigu

Snæfellsbær auglýsir eftir áhugasömum rekstraraðila í Pakkhúsið í Ólafsvík.

Húsið á sér langa og merkilega sögu í Ólafsvík og skal viðeigandi rekstur taka mið af sögu hússins og safni á efri hæðum.

Snæfellsbær horfir til þess að leigja Pakkhúsið út undir svipuðum formerkjum og áður þar sem horft er sérstaklega til þess að húsið verði opið árið um kring og að reksturinn í húsinu hafi samfélagslegan ávinning.

Pakkhúsið býður upp á mikla möguleika og tækifæri fyrir réttan aðila. Til að byrja með yrði gerður eins árs leigusamning um afnot leigutaka á húsnæðinu, með möguleika á áframhaldandi leigu ef báðir aðilar óska þess.

Nánari upplýsingar veita Lilja Ólafardóttir, bæjarritari, og Heimir Berg Vilhjálmsson, markaðs- og upplýsingafulltrúi, í síma 433-6900 og á netföngunum lilja@snb.is og heimir@snb.is.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 30. maí nk.



Sameiginleg sýning í Þjóðgarðsmiðstöðinni

Þriðjudaginn 29. apríl opnaði ný sýning í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi eftir nemendur í Grunnskóla Snæfellsbæjar og Grunnskólanum í Grundarfirði. Um er að ræða sameiginlega sýningu nemenda en 16 nemendur úr 6. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar og fjórir nemendur af unglingastigi Grunnskóla Grundarfjarðar unnu verkin. Skólarnir tveir ákváðu að leggja saman krafta sína og vinna með sögur tengdar Snæfellsnesi og heimabyggð skólanna. Nemendur Grunnskóla Snæfellsbæjar túlkuðu sögu Bárðar Snæfellsáss á skemmtilegan hátt með því að vinna söguna á refil. Notuðu þau blandaða tækni undir handleiðslu textílkennara og myndmenntakennara. Refillinn er sex metrar að lengd og hálfur metri á hæð. Nemendur Grunnskóla Grundarfjarðar tóku fyrir þjóðsöguna af kerlingunni í Mýrarhyrnu og skilaði samvinna þeirra af sér tveimur vel heppnuð-



um verkum. Sameiginleg sýning nemendanna mun standa í Þjóðgarðsmiðstöðinni út maí.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Strandveiðar hafnar



Sumarið nálgast og strandveiðibátarnir eru komnir á flot. Strandveiðin hófst að nýju mánudaginn 5. maí en vikan byrjaði þó á brælu svo að ekki varð mikið úr veiði í Snæfellsbæ fyrsta daginn. Fyrsta vika strandveiðinnar á að einkennast af brælu en þó er fólk bjartsýnt fyrir sumrinu. Yfir 770 strandveiðileyfi voru gefin út fyrir sum-

arið en það er metfjöldi leyfa. Strandveiðitímabilið stendur yfir í 48 daga, 12 daga í mánuði frá maí og fram í ágúst en aðeins má veiða frá mánudegi til fimmtudags. Ríkisstjórn Íslands hefur heitið því að tryggja veiðar út strandveiðitímabilið en undanfarin ár hefur kvótinn klárast áður en því lýkur.

SJ

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617

Öldungamót í blaki haldið í Kópavogi

48. öldungamótið í blaki var haldið dagana 1.-3. maí 2025 í Kópavogi. Þrjú lið úr Snæfells-

bæ og Grundarfirði tóku þátt á mótinu sem var hið glæsilegasta. Til þess að eiga rétt á þátttöku



þurfa liðsmenn að hafa náð 30 ára aldri. Mótið er þekkt fyrir að vera einstaklega skemmtilegt enda mikið lagt upp úr stemmingu og stuði utan sem innan vallar. UMFG átti tvö lið á mótinu. Liðið UMFG B var í 9. deild og enduðu þær í 6. sæti. Liðið UMFG spilaði í 5. deild og lentu í 1. sæti. Þær spila því í 4. deild á næsta öldungamóti. Liðið Píllurnar er lið kvenna sem æfir blak í Snæfellsbæ. Þær spiluðu í

10. deild og lentu í 7. sæti en þetta var í fyrsta skiptið sem þær tóku þátt saman á móti. Radek Wisniewski æfir einnig blak í Snæfellsbæ og spilaði með liðinu Skellur í 2. deild karla. Liðið vann alla sína leiki og mun því spila í 1. deild að ári. KA verða mótshaldarar á næsta ári og því ljóst að mótið verður haldið á Akureyri 2026.

JJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Séra Karen Hjartardóttir valin í Setbergsprestakall



Valnefnd Setbergsprestakalls hefur valið Karen Hjartardóttir í stöðu sóknarprests. Laufey Brá Jónsdóttir tók við þjónustu Fossvogsprestakalls í Reykjavíkurfófastsdæmi vestra þann 1. maí og mun Karen Hjartardóttir taka við af henni. Karen Hjartardóttir er fædd árið 1992, ólst upp í Breiðuvík á Snæfellsnesi en hún er dóttir Eyglóar Kristjánsdóttur

og Hjartar Sigurðssonar á Stóra Kambi. Karen lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskóla Snæfellinga vorið 2012 og hóf nám við Guðfræði og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands haustið 2012. Þaðan útskrifaðist hún veturinn 2018.

Karen vígðist þann 12. febrúar árið 2023 til Bjarnanesprestakalls og mun hún þjónusta þar til 1. september næstkomandi en þá tekur hún við starfi sóknarprests í Setbergsprestakalli. Þangað til mun Séra Ægir Örn Sveinsson, sóknarprestur Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls, leysa af sem sóknarprestur prestakallsins.

SJ

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNUNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 14. - 31. júlí 2025
Allar upplýsingar veita
Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

854 2211 - jon@malbikun.is

Týsnes 4, Akureyri - Malbikun.is



Vilt þú hafa áhrif?

Við hjá Deloitte í Snæfellsbæ leitum að öflugum og drífandi einstaklingi í spennandi og krefjandi starf bókara og launafulltrúa. Við bjóðum viðskiptavinum hérlandis og erlendis m.a. upp á sjálfvirknivæðingu á fjármálaferlum, bókhalds-, launa- og reikningshaldsþjónustu, rekstrargreiningu og aðra ráðgjöf á sviði fjármálaferla.

Hefðbundinn vinnudagur:

- Umsjón með fjárhagsbókhaldi, launavinnslu og skýrslugerð til stjórnenda
- Vinna að tilfallandi verkefnum fyrir viðskiptavinum
- Almenn skrifstofustörf
- Stuðningur við markaðssókn og fylgjast með spennandi tækifærum
- Þátttaka í gæðaferlum

Bakgrunnur þinn og reynsla:

- Reynsla af bókhaldi, uppgjörum og/eða launavinnslu, kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af DK launakerfi, Business Central launakerfi, H3 eða Kjarna, kostur en ekki skilyrði
- Viðurkenndur bókari, kostur en ekki skilyrði
- Góð færni í Excel
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, jákvæðni og rík þjónustulund

Vilt þú hafa áhrif? Hjá Deloitte skiptir þitt framlag máli því saman, sem ein heild, vinnum við að því að hafa áhrif á viðskiptavinum, samstarfsfélaga og samfélag. Þú færð tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum þvert á svið, starfsstöðvar og lönd, auka hæfni þína og færni og hefur góðan stuðning til vaxtar og þróunar í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veita Marinó Mortensen, yfirmaður Deloitte í Snæfellsbæ, mamortensen@deloitte.is, og Ásta Þyri Emilsdóttir, verkefnastjóri í mannauðsdeild, asemilsdottir@deloitte.is.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Deloitte, deloitte.is, til og með **21. maí 2025**. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf eigi síðar en **1. ágúst 2025**.